

Þegar það á fara að teikna Raflagnarteikningu er gott að hafa þetta í huga.

Röð og regla á gögnum

Hafa þer gott skipulag á öllum gögnum sem þið er að vinna með. Þetta á ekki bara við raflagnarteikningar heldur alltaf. Þannig hugið vel að uppbyggingu á skrársöfnum hjá ykkur. Ég legg til að þið hafið þetta eitthvað í þessa átt í þessum verkefnum hjá mér. Eða eitthvað svipað.



11-01_Marargrund þetta er nafnið á verkefninu sem á að fara að vinna við og fyrir fram nafnið er númerakerfi sem segir mér til um hvenær verkefni var unnið og númer hvað þetta verkefni er hjá mér árið 2011. Kerfi er bara tillaga og ekkert sem er neitt sérstak það þarf bara að vera eitthvað kerfi og regla á þessu.

Inn í „11- Marargrund“ eru þrjú skrársöfn.

01_Frumrit_Gagna

Er fyrir öll gögn sem berast fyrir verkefnið sem þú ert að vinna með og þar sem þau eru geymd sem sönnun um gang mála. Þar áttu alltaf öll gögn sem þú færð sendar varðandi verkefnið sem er í vinnslu og sér sögu hvenær gögnin hafa verið að berast til þín.

02_Teikningar.

Hér er vinnsluskrársafnið þitt. Þú tekur grunnmyndina og vistar hana hér inn og gerir breytingar á henni sem þörf er. En átt enn frummyndina í 01_Frumrit_Gagna óhreyfða.

03_Útprentun_PLOT

Hér heldur þú utan um allar útprentanir á verkefninu og sérð hvenær hver útprentun var gerð. Ég geri ráð fyrir að alltaf sé plotað út á dwf skrár fyrst síðan er dwf skrá prentuð út á pappír.


Stillingar á grunnmynd

Þá er búið að koma reglu á skrársöfnin hjá okkur næst er að vista öll gögn inn. Þá er að fara að teikna raflagnarteikninguna. Það sem ég legg til að þið gerið er að **copya** grunnmyndina inn í Teikningar. Opna skoða grunnmyndina þetta er teikning sem einhver annar hefur gert.. Fyrsta sem þarf að skoða er í hvaða einingum er grunnmyndin teiknuð mm, cm, m ? Best er að mæla hurðarop ef það er ca 89 þá eru þetta teiknað í cm. Og ef þetta væri ca 0,89 er þetta m. En best ef þetta væri talan væri ca 890 mm þá er þetta í millimetrum og þar viljum við hafa teikninguna. Ef þetta væri teiknað í cm þá þyrfti ég að stæka eða margfalda (SCALE) allt um 10 þá væri þetta komið í mm. En ef þetta væri teiknað í m þá þarf að margfalda með 1000. En sem betur fer eru flestir sem teikna í mm. Annað sem þarf allt að skoða er einigarkerfið. Það þarf að skoða þessa báða hluti. Og þetta á allt að stemman við mm



Velja A-ið og svo Drawing Utilities - næst Units

Eða bara skrifa „units“ í comandlínu sem er best. Þá kemur þessi box upp.



Nú er þegar hér er komið eru nokkrir möguleikar. Ég ætla að nefna þrjár.

1. Vinna á grunnmyndinni og slökkva bara á þeim layerum sem þú þarft ekki að hafa kveikt.
2. Vinna á grunnmyndinni og gera öll layer eins á litin nema þau layer sem þú ætlar að nota.
3. Vinna á grunnmyndinni og setja öll layeri í eitt og sama layerið og eyða öllu sem er óþarfi.
4. Silla grunnmyndina eins og gert var í lið 2 og 3 og taka hana sem xref inn til að teikna á. Þeir nemar sem eru í TRT103 eiga að taka hana sem xref inn en RLT102 mega nota lið 2 eða þrjú.

Nú skulu þið skoða myndband þar sem þetta er sýnt.